



Alþingi
Menntamálanefnd
Nefndarsvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3.11 2006
Tilvísun: 2006100028

Efni: Umsögn um 56 og 57 mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Alþýðusambandið gaf umsagnir um frumvörp þau sem til umfjöllunar voru á tveimur síðustu þingum. Þá var lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar á bæði rekstrarformi og fjármögnun Ríkisútvarpsins (RÚV). ASÍ var og er þeirrar skoðunar að viðtækt hlutverk RÚV í almannaþágu, bæði í óháðri fréttamiðlun og menningarlegu hlutverki, sé þess eðlis að afar mikilvægt sé að RÚV verði með öruggum hætti áfram í almannaeygu. Ákvæði 1.gr. frumvarps þess sem nú er til umfjöllunar mætir þeim sjónarmiðum að nokkru.

ASÍ telur mikilvægt er að standa vörð um sjálfstæði RÚV og telur að það megi gera með því að taka upp svipað fyrirkomulag og þekkist víða, þ.e. að starfsmönnum og sjálfstæðum aðilum utan stofnunar verði auk þings og ráðherra gert að skipa fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Fyrir þessu er ekki gert ráð í því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar.

Sem fyrr lýsir ASÍ efasemdum sínum við fyrirhugaða breytingu á fjármögnun RÚV, þ.e. með sérstökum nefskatti í stað afnotagjalda eins og fram kom í fyrri umsögn. Jafnframt má benda á, að með því að breyta fjármögnun RÚV með þessum hætti getur það leitt til röskunar á samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fjölmiðlafyrirtækjum, sem innheimta afnotagjöld.

Verði af fyrirhuguðum breytingum á rekstrarformi RUV, leggur ASÍ áherslu á, að í hvívetna og með sýnilegum og virkum hætti verði fylgt lögum um aðilaskipti að fyrirtækjum sem vísað er til í bráðabirgðaákvæði 2. Gæta þarf þess sérstaklega að réttarstaða allra starfsmanna sem margir eiga allan starfstíma sinn hjá stofnuninni verði tryggð. Mörg undanfarin ár hefur og mörgum starfsmönnum RÚV verið haldið á endurteknum tímabundnum ráðningarsamningum og einskona verktökusamningum. ASÍ leggur áherslu á að öllum þessum starfsmönnum verði tryggð sama réttarstaða og annarra starfsmanna RÚV ef og þegar breytingarnar fara fram. Mikilvægt er að ráðherra gefi skýrar yfirlýsingar hér að lútandi svo þeir starfsmenn sem ekki hafa notið fullnægjandi réttarstöðu njóti sömu réttinda og fast starfslíð RÚV. Sérstök athygli er vakin á því, að kjarasamningur RÚV og Félags íslenskra hljómlistamanna hafa verið lausir um nokkurt skeið. ASÍ leggur áherslu á, að þegar verði gengið til endurnýjunar hans og að þeirri endurnýjun verði lokið sem fyrst og réttarstaða hljómlistamanna sem leggja RÚV til mikið efni og ómetanlegt menningarlegt framlag.

Þá er og bent á, að til þess að tryggja sjálfstæði starfsmanna gagnvart stjórn og framkvæmdastjóra er og nauðsynlegt að lögin geymi sérstök ákvæði um málefnalegar, rökstuddar og áfrýjanlegar uppsagnir.

Hvað mál 57 um Sinfóníuhljómsveit Íslands varðar, þá er sú breyting í samhengi við mál 56 og ekki ástæða til þess að fjalla sérstaklega um það.

Virðingarfyllst,